

Mættir: Ágúst Jakobsson skólastj, Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólastj, Rósa Lilja Thorarensen og Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Anna María Daníelsdóttir fltr. starfsf., Karólína Stefánsdóttir og Nanna Herborg Tómasdóttir fltr. foreldra.

Dagskrá:

Fundatími og starfsreglur skólaráðs
Starfsáætlun Flataskóla 2020-2021
Önnur mál

Fundatími og starfsreglur skólaráðs

Hentar vel að funda annanhvern mánuð á miðvikudegi síðdegis. Næsti fundur verður annan miðvikudag í október. Þá verður starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið tilbúin. Mikilvægt að hjálpast að við að koma sjónarmiðum nemenda inn í ráðið í gegnum nemendaráðið og réttindaráðið og stuðla að því að nemendur mæti á tiltekna skólaráðsfundi.

Starfsáætlun Flataskóla 2020-2021

Starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 hafði verið send skólaráðsfulltrúum fyrir fundinn til yfirlstrar. Ekki er um veigamiklar breytingar að ræða á plagginu frá fyrra skólaári. Á fundinum var farið yfir starfsþróunarkafla starfsáætlunar til að draga fram hvað sett verður á oddinn í vetur. Bent var á að breyta orðalagi (breyta bekkjarfundum í stofufundi í samræmi við málhefð í stofnuninni).

Skólaráð fyrir sitt leyti samþykkir starfsáætlun skólans 2020-2021.

Önnur mál

Bekkjafulltrúar. Þar sem haustfundir verða ekki með hefðbundnu sniði var óljóst hvernig ætti að tilnefna bekkjafulltrúa. Niðurstaðan er sú að Foreldrafélagið auglýsir eftir bekkjarfulltrúum í gegnum Facebooksíðu félagsins. Kallað eftir vinnureglum frá skóla um hvað foreldrar mega gera með sínum hópum v/ sóttvarnareglna. Verður tekið til skoðunar.

Vantar nýjan fulltrúa frá grenndarsamfélaginu í skólaráð (kemur frá leikskólanum). Í fyrra var sendur póstur á foreldra í leikskólanum og auglýst eftir áhugasömum fulltrúa, ákveðið að hafa sama hátt á núna.

Umferðaröryggi. - Of mikill hraði á rafmagnsfarartækjum inni á skólalóðinni og í kringum skólann. Þurfum að vinna þetta með Garðabæ og upplýsa Garðaskóla. Athuga með að fólk leggur við gangbrautir. Þarf átak í að bæta umferðarmenningu.